

Velferðarnefnd Alþingis,
Nefndasviði Austurstræti 8 – 10
Reykjavík

Reykjavík, 17. mars 2020

Efni: Breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar og á lögum um Ábyrgðarsjóð launa (minnkað starfshlutfall), þskj. 1128 – 664. mál á 150. löggjafarþingi.

Bandalag háskólamanna (BHM) fagnar fram komnu frumvarpi félags- og barnamálaráðherra þar sem vinnuveitendum er gert kleift að minnka starfshlutfall starfsfólks tímundið og launatap greiðist úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Til samræmis er lagt til að breyta viðmiðum Ábyrgðarsjóðs launa þannig að þessar aðgerðir verði ekki til þess að lækka kröfu ef fyrirtæki fara í þrot.

BHM gerir athugasemd við að sett sé hámark – 650 þúsund krónur – á greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði við þessar aðstæður. Það getur leitt til þess að úrræðið nýtist ekki sem skyldi á vinnumarkaði.

Í frumvarpinu er ákvæði um sjálfstætt starfandi einstaklinga á vinnumarkaði. Þar er þeim gert kleift að tilkynna *verulegan samdrátt í rekstri* og breytingu á reiknuðu endurgjaldi, þannig að þau geti öðlast rétt til atvinnuleysisbóta. Þá daga sem sjálfstætt starfandi einstaklingur er verkefnalaus skal hann tilkynna Vinnumálastofnun þar um. Ætla má að þetta ákvæði komi til móts við ýmsa hópa sjálfstætt starfandi einstaklinga á vinnumarkaði.

Stórir hópar innan aðildarféлага BHM munu verða fyrir verulega miklum áhrifum af ákvörðunum sem leiða af neyðarstigi almannavarna vegna COVID19-faraldursins, s.s. leikarar, hljómlistarmenn, leikstjórar, myndlistarmenn, sjúkraþjálfarar og fleiri sem hafa lifibrauð sitt af sjálfstæðum rekstri. Margir í þessum hópi búa nú þegar við ótryggt ráðningarsamband og

óörugga verkefnastöðu. Tekjur þeirra eru óreglulegar og því nokkrum erfiðleikum bundið á áætla þær langt fram í tímann. Fyrir þennan hóp er vandkvæðum bundið að standa mánaðarlega skil á staðgreiðslu til skattsins vegna reiknaðs endurgjalds. Ákjósanlegast væri að hanna sérsniðna lausn fyrir sjálfstætt starfandi einstaklinga og hrinda henni í framkvæmd á komandi mánuðum. Að öðrum kosti verður þessi hópur fyrir miklum tekjumissi vegna samkomubannsins og samdráttar í efnahagslífinu af völdum heimsfaraldursins.

Brýnt er að lagabreytingin sé þannig gerð að hægt sé að breyta reglugerðum á grunni hennar í framhaldinu. Þannig er sá möguleiki fyrir hendi að koma til móts við hópa sem lenda í ófyrirsjáanlegum aðstæðum vegna samdráttar í atvinnulífinu.

BHM styður afgreiðslu frumvarpsins.

Virðingarfyllst,



Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM